



5. staðreynd: 5G þýðir gríðarlega aukningu á örbylgjuloftnetum og geislaálagi

Sem stendur eru ca. 70.000 sendimöstur í Þýskalandi. Fyrir þá yfirgripsmiklu þjónustu sem krafist er væru samkvæmt Achim Berg (forstjóra Bitkom) 800.000 farsímamöstur nauðsynleg. Innan þéttbýlis þyrfti að koma fyrir sendi á ca. 100 m. millibili. Svissneska áhugamannafélagið Gigaherz.ch varar eindregið við 5G-geislaálaginu¹².

Útskýringarmynd fyrirtækisins Ericsson sýnir væntanlegt 5G geislaálag



Fram til þessa hafa möstrin geislað einni keilu frá hverjum sendi. Í þessu dæmi eru keilurnar **64** í 5G kerfinu. Eftir 25 m er rafsviðsstyrkur enn við $9.900.000 \mu\text{W}/\text{m}^2$ ($= 61 \text{ V}/\text{m}$)



Skýringarmyndirnar frá Gigaherz.ch sýna tvennt:

1. 5G-sendarnir geisla ótvírætt fleiri keilum
2. 5G-geislunin getur m.a.s. náð viðmiðunarmörkum

Til samanburðar eru náttúruleg geislun $0,000001 \mu\text{W}/\text{m}^2$

Viðmiðunarmörk UMTS netsins í Þýskalandi eru $10.000.000 \mu\text{W}/\text{m}^2$. **Viðmiðunarmörkin liggja þannig margmilljarðfalt yfir náttúrulegri geislun.**

6. staðreynd: Læknar og vísindamenn vara eindregið við 5G

Leiðandi vísindamenn, læknar og umhverfissamtök hvaðanæva að úr heiminum vara eindregið við 5G með alþjóðlegu ákalli. Ákallinu „**Stop 5G on Earth and in Space**“ er beint til Sameinuðu þjóðanna (UN), Alþjóðahelbrigðismálastofnunarinnar (WHO), Evrópusambandsins (ESB), Evrópuráðsins og stjórnvalda.¹³



Yfir 180 læknar og vísindamenn frá 35 löndum hafa undirritað annað ákall, þar sem **krafist er að hætt verði við uppbyggingu 5G-tækninnar**, svo lengi sem ekki sé búið að gera grein fyrir mögulegum **heilsufarslegum áhættuþáttum**.¹⁴

Þann 24. febrúar 2017 var haldin alþjóðleg ráðstefna hér á Íslandi í Reykjavík sem nefnd var „*Börn, skjátími og þráðlaus örbylgjugeislun*“. Á ráðstefnunni var samþykkt áskorun gegn þráðlausu neti í skólum. Þetta var fyrsta ráðstefna sinnar tegundar á Íslandi.¹⁵

Ábendingar dreifiaðila

Við vekjum sérstaka athygli ykkar á síðunni

<https://stoppum5g.com/>

Þar er hægt að finna fjöldann allan af rannsóknum sem sýna fram á skaðsemi örbylgjugeislunar 5G. Þar má líka skrá sig og fá reglulegar fréttir af aðgerðum. Tekurðu þátt?

6 staðreyndir um 5G

Með sjónvarpi, útvarpi og dagblöðum birta fjölmiðlar nánast eingöngu fréttir af meintum kostum nýju 5G-farsímakynslóðarinnar. Því eru hér talin upp 6 mikilvæg mótrök gegn 5G, staðreyndir sem allir ættu að vera meðvitaðir um. Það er mikilvægt að við vöknum upp til þeirrar staðreyndar að af 5G stafar hætta fyrir líf og líkama okkar allra og þar að auki sé hægt að misnota hana til samfellds eftirlits á öllu mannkyni.

1. staðreynd: Núverandi viðmiðunarmörk vernda bara fyrir hitamyndun – alls ekki gegn líffræðilegum áhrifum geislunarinnar

„*Enginn vafi leikur á að við höfum einungis skilið hitavirkni útvarpsbylgjanna og bara á þeim grundvelli getum við sem stendur sett viðmiðunarmörkin. Auk þess eru vísbendingar sem benda til krabbameinsvaldandi áhrifa og röskunar á frumuhimnunni.*“¹

(Próf. Bernhardt, fyrrum stjórnarformaður ICNIRP)

Þrátt fyrir vísbendingar um krabbameinsvaldandi áhrif eru þau algjörlega hunsuð og eingöngu hitavirkni örbylgjugeislunar 5G lögð til grundvallar.

Skilgreining viðmiðunarmarkanna:

Gildandi viðmiðunarmörk miða við þann geislstyrk sem hitar lífefnalegan massa um 1°C innan 30 mínútna (hitavirkni).

Langtímavirkni yfir 30 mínútur er ekki tekin til greina! Ekki hefur verið tekið tillit til okkar sem lifandi lífvera!

„*Viðmiðunarmörkin vernda“ er fullyrðing sem líta ber á sem vísindalegar falsupplýsingar. Réttarfarslega ber þetta öll einkenni svika og felur í sér vísvitandi gáleysi og líkamsmeiðingu.*“

(Próf. ing. Alexander H. Volger, heiðursprófessor hjá RWTH Achen)

„*Öll viðmiðunarmörk hryndu ef viðurkennd væri tilvist þeirrar virkni sem ekki stafar af hita (athermic) og hverja þýðingu hún hefur fyrir heilbrigði okkar.*“

(Próf. Dr. med. Adlkofer)

¹ Byggingarlíffræði og greining, <https://www.buergerwelle.de/d/doc/aktuell/maes-re-mobilfunk.htm> (16.05.2019)

² Dr. med. Wolf Bergmann, www.mobilfunk-buergerforum.de/presse/pdf/Mobilfunk.Grenzwerte2008_Dr.Bergmann.pdf (25.02.2019)

³ Hvers vegna viðmiðunarmörk skaða en vernda ekki – en er þó viðhaldið (Warum Grenzwerte schädigen, nicht schützen - aber aufrechterhalten werden (Umwelt und Demokratie e.V. bls . 28)

¹³ <https://www.5spaceappeal.org/the-appeal> (4.11.2019)

¹⁴ <https://emfscientist.org/index.php/emf-scientist-appeal>

¹⁵ www.kla.tv/12788 og

<http://mieuxprevenir.blogspot.com/2017/02/reykjavik-appeal-on-wireless-technology.html>

¹² (https://gigaherz_ch/dringende-warnung-vor-5g/)


2. staðreynd: Farsímageislun veldur líffræðilegum áhrifum

a) Blóðmynd



Venjuleg blóðmynd Blóðmynd eftir 3 mín. farsímasamtal
Rauðu blóðkornin klessast saman eins og „myntrúlla“. ⁴ Þetta getur orsakað að smærri blóðvefir stíflist sem leiðir til heila-blóðfalls og hjartaáfalls!

b) Starfsemi hjartans



Eftirlit með hjarta-starfsemi fólks sem var útsett fyrir geislun frá þráðlausum síma - án þeirra vitneskju

Aukin starfsemi hjartans við farsímageislun

Í tvíblindri rannsókn hafði þráðlausur síminn engin áhrif á hjartastarfsemina hjá einstaklingi A. ⁵

Hjá einstaklingi B (með geislaóþol) hafði þráðlaus símanotkun með hléum þær afleiðingar að hjartastarfsemin jókst greinilega.

Geislaóþol getur því ekki átt sálrænar orsakir.

c) Heili (í rottu) (Salford-rannsóknin)⁶



Rottuheili án geislunar Rottuheili eftir 2 klst. „símtal“
Farsímageislun opnar heilatálmunina. Þetta getur leitt til snemmbærrar heilabilunar og Alzheimer.

Niðurstaða: Virkni þessara þriggja dæma er augljóslega óútskýranleg með hitavirkni. Viðmiðunarmörk vernda því ekki gegn hættulegri líffræðilegri virkni.


⁴ <https://pdfs.semanticscholar.org/1145/efd89002a55f96326d715018fbc6edca857b.pdf> (02.11.2019)

⁵ <https://magdahavas.com/new-study-radiation-from-cordless-phone-base-station-affects-the-heart/> (26.11.2019)

⁶ <https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/12782486> (02.11.2019)

3. staðreynd: Krabbameinstilfellum fylgar til muna í nágrenni farsímamastra- nýlegar rannsóknir staðfesta krabbameinsáhættu

Naila-rannsóknin⁷ (á tímabilinu 1999 - 2004)



Samantekt lækna á nýjum krabbameinstilfellum hjá tveimur rýni-hópum sem bjuggu innan mismunandi raddíss frá farsímamastru í þýska bænum Naila:

Radius 1 (nær): Max: 400m, radius 2 (fjær): 400 - 1.000 metrar.

-Á tímabilinu 1999 -2004 hafði fjöldi nýrra krabbameins-tilfella innan raddíss 1 **prefaldast** í samanburði við hópinn innan raddíss 2.

Rannsókn í Bella Horizonte (Brasílu) með 2 milljónum þátttakanda staðfestir niðurstöður Naila rannsóknarinnar. ⁸

„Farsímageislun hefur hingað til verið flokkuð hjá WHO sem „mögulega krabbameinsvaldandi“, eins og útblástur bíla og hið löngu bannaða skordýraeitur DDT. Niðurstöður nýjustu rannsókna bandarísku NTP, ítölsku Ramazzini og austurrísku AUVA-rannsókna eru ótvíræðar:

Farsímageislun veldur krabbameini. Þýska geislavarna-efirlitið staðfestir:

Geislunin hraðar vexti krabbameins!⁹

(upplýsingabæklingur frá www.diagnose-funk.org)


⁷ www.kiirgusinfo.ee/wp-content/uploads/2018/07/eger_naila_2004.pdf (02.11.2019)

⁸ https://www.avaate.org/LMG/pdf/ESTUDIO_BRASIL_BrazilCellTowerStudy.pdf (02.11.2019)

⁹ https://www.diagnose-funk.org/publikationen/artikel/detail&newsid_1341

ATH líka heimildamyndina „Mobile Communication - the hidden danger <https://www.kla.tv/13242>

4. staðreynd: Heilaæxlum á vissum heilasvæðum hefur fjölgað mjög mikið - staðfest í rétti



„Sá grunur vex nánast í fullvissu að farsímanotkun gæti verið ástæðan fyrir þessari þróun.“

Prof. Dr. med Adlkofer

Yfirlandsréttur í Brescia á Norður-Ítalíu hefur viðurkennt orsakasambandi milli heilaæxlis starfsmanns og atvinnutengdrar farsímanotkunar hans, klukku-stundum saman með þráðlausum síma eða farsíma. Hæstiréttur í Róm staðfesti þennan dóm 2012.¹⁰



„Þótt fjárhagslegur og félagslegur kostnaður við takmörkun á slíkum tækjum væri töluverður þá væri það ekkert í samanburði við þann kostnað á mannlífum ef ekkert væri gert og maður áttaði sig þrjátíu eða fjórtíu árum síðar að þessar fyrstu vísbendingar hefðu beinst í rétta átt.“¹¹

(Bandaríski dómari Fredrick H Weiseberg þann 8. ágúst 2014 í dómsyfirlýsingu stærsta farsíma-skaðabótamálsins)

¹⁰ [https://www.pravda-tv.com/2012/10/sieg-vor-gericht-handy-ist-fur-tumor-verantwortlich/\(4.11.2019\)](https://www.pravda-tv.com/2012/10/sieg-vor-gericht-handy-ist-fur-tumor-verantwortlich/(4.11.2019))

¹¹ <http://ehtrust.org/wp-content/uploads/2014/08/Expert-Order.pdf> (2.11.2019)